

Stofnanasamningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Veðurstofu Íslands um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars végar og SGS, hins végar, dags. 1.4.2014.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Veðurstofu Íslands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars végar og SGS hins végar, dags. 1.4.2014.

2 Markmið

Aðilar eru sammála um að markmið samnings þessa skuli vera sem hér segir:

- ❖ að hann tryggi að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og að jafnræðis sé gætt.
- ❖ að gæta þess að ekki sé launamismunur sem brýtur í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrár.
- ❖ að hann auðveldi stofnuninni að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna í nútíð og framtíð.
- ❖ að hann nýttist til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og endurspegli skipulag hennar.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun starfa til launa skal vera eftirfarandi:

| | |
|----------------|----------------|
| Mælagæsla | launaflokkur 3 |
| Úrkumumælingar | launaflokkur 3 |
| Skeytastöðvar | launaflokkur 5 |

Röðun starfa hér að framan er lágmarksröðun. Starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í gr. 4.



4 Viðbótarforsendur

Aðilar eru ásáttir um að meta neðangreinda þætti til hækkanar grunnlauna sem hér segir:

4.1. Starfsreynsla og menntun

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu og/eða menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Starfsmaður með 2 ára reynslu skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður með 4 ára reynslu skal hækka um 1 launaflokk.

4.2. Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að 3 launaflokka

Starfsmaður sem sótt hefur 40 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 launaflokkur

Starfsmaður sem sótt hefur 80 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 launaflokkur

Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 launaflokkur

Starfsmenntun/námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár, skal metin á sama hátt.

4.3. Starfsmat og persónubundnir þættir

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 7 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

1. starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
2. starfið krefst staðarþekkingar
3. starfið krefst sjálfstæði í vinnubrögðum
4. starfið krefst stöðugrar viðveru
5. starfið felur í sér flókin og/eða umfangsmikil verkefni
6. starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
7. starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
8. starfsmaður sinni starfi á fleiri en einni starfsstöð
9. starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
10. starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
11. starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fyrir samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali/launaviðtali í nóvember ár hvert. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í áætluninni skal m.a. koma fram:

- Mat á starfi og hæfni starfsmanns
- Möguleikar starfsmanns á símenntun og áætlun um það
- Umsögn um stöðu starfsmanns gagnvart starfi sínu

5 Álagsgreiðslur

Álagsgreiðslur komi í stað fastrar yfirvinnu þar sem hún hefur verið skipulögð á skeytastöðvum án þess að til skerðingar á greiðslum komi.

6 Sumarstarfsmenn

Starfsmaður sem hefur starfað tvö sumur hjá Veðurstofu Íslands skal hækka um 1 launaflokk vegna starfsreynslu sinnar.

7 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. gr. 11.6.

8 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn sbr. gr. 11.4 í kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Reykjavík 10. júní 2014

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

f.h. Veðurstofu Íslands

Bókun 1.

Yfirfærsla í nýtt mat á störfum samkvæmt þessum stofnanasamningi mun verða framkvæmt sem hér segir: Við undirritun munu starfsmenn hækka um 2 launaflokka og síðan um two launaflokka í lok hvers árs þar til réttum launaflokki er náð samkvæmt þessum stofnanasamningi og í samræmi við fyrirliggjandi gögn.